

Alþingi
Erindi nr. P 139/640
komudagur 2.12.2010



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. 12. 2010
Tilvísun: 201011-0063

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd þjóðaratkvæðnagreiðslna (styttra tímamark), 99. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/2010 um framkvæmd þjóðaratkvæðnagreiðslna.

Með frumvarpinu er lagt til að víkja megi frá ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 91/2010 ef almennar kosningar eru boðaðar innan þriggja mánaða frá samþykkt þingsályktunartillögu á Alþingi um þjóðaratkvæðnagreiðslu.

ASÍ vekur athygli á því að, að ein forsenda þess að fram fari marktækar þjóðaratkvæðnagreiðslur er sú að fram fari víðtæk og vönduð kynning og samfélagsleg umræða um þau mál sem greiða skal þjóðaratkvæði um sbr. m.a. greinargerð með 6. gr. laganna. Í frumvarpi því sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er opnað fyrir þjóðaratkvæðnagreiðslur með stuttum fyrirvara í aðdraganda almennra kosninga. Að þessu leyti samræmist frumvarpið ekki markmiðum laga 91/2010.

Virðingarfyllt,

Dalla Ólafsdóttir
Lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 139/1033
komudagur 20.12.2010



Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 515 5300
Fax 515 5310 | skra@skra.is | www.skra.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. desember 2010

Tilvísun: 10120347/04.00/MH

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um framkvæmd
þjóðaratkvæðagreiðslna.**

Við er til tölvupósts allsherjarnefndar Alþingis frá 26. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um þjóðarkvæðagreiðslur - 99. mál. Í frumvarpinu er lagt til að undantekning verði gerð á 3ja mánaða til eins árs tímaramma sem þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram eftir að þingsályktunartillaga um hana hefur verið samþykkt.

Af því tilefni er tekið fram að kjörskrárkerfi landsins, sem Þjóðskrá Íslands hýsir, er þannig úr garði gert að ekki var reiknað með að tvennar kosningar, eins og framan greinir, yrðu á sama tíma. Til þess að svo geti orðið þarf að breyta kerfinu og er áætlaður kostnaður vegna þess um 2 milljónir króna.

Þá er vakin athygli á því fari svo að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin samhliða kosningum til Alþingis yrðu kjörskrár miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag, en samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 er viðmiðunardagurinn fimm vikur. Þá gætu mörk Reykjavíkurborgarmanna orðið önnur í þessum kosningum. Fyrir kjósendur sem flyttu lögheimili sitt á milli þessarar tímamarka leiðir það til þess að þeir þyrftu að kjósa á tveimur stöðum. Sama gilti ef kjördæmamörkin breyttust vegna alþingiskosninganna, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 24/2000. Þessi vandi kemur ekki upp við forsetakjör, sbr. 1. gr. laga um frambjóð og kjör forseta Íslands þar sem viðmiðunardagur kjörskrár eru þrjár vikur. Hið sama gildir við sveitastjórnarkosningar þar sem viðmiðunardagur kjörskrár er einnig þrjár vikur, sbr. 5. gr. laga um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998.

Þennan vanda má leysa með því að bæta við nýjum málslíði við hina nýju málsgrein 4. gr. laganna sem gæti orðast svo: "Verði þjóðaratkvæðagreiðsla samhliða kosningu til Alþingis gilda ekki ákvæði 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr. laganna.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Margrét Hauksdóttir